

Ársfundur 2021



Dagskrá



1. **Fundarsetning**
2. Skýrsla stjórnar
Ólafur Jónsson, formaður stjórnar
3. Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

Dagskrá



1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Skýrsla stjórnar

Ólafur Jónsson, formaður stjórnar





Kórónaveira, áhrif og viðbrögð

13. mars 2020



Upplýsingar um þjónustu vegna Covid

06. október 2020

Kveður skarfurinn veiruna burt?

19. febrúar 2021

Skrifstofan opnar á ný

„Lóan er komin að kveða burt snjóinn“ segir í kvæðinu. Það er líklega full snemmt að boða komu sumarsins þó að hlýtt hafi verið í veðri undanfarna daga. Ekki lígur heldur fyrir hver skilaboð dýlaskarfsins voru sem kom sér fyrir á steini við sjóinn beint fyrir framan skrifstofu sjóðsins í Borgartúni 25. Það er þó upplagt að nota myndina af honum til að boða þau tíðindi að skrifstofa **Almenna opnar á ný frá og með 24. febrúar**. Til að gæta fyllstu varúðar verður í fyrstu **eingöngu tekið á móti fólki í fyrirfram bókuðum viðtalstímum**.

Skarfurinn hreyfði sig hvergi þó að fjöldi fólks myndaði hann í bak og fyrir. Það er ljóst að hér var enginn leiðindaskarfur á ferðinni, heldur miklu frekar skemmtiskarfur.

Við biðjum sjóðfélaga vinsamlega um að fylgja ítrustu sóttvarnareglum í viðtölum:

- Vera með andlitsgrímu
- Sinna handþvotti og spritta hendur
- Virða tveggja metra regluna
- Sleppa heimsókn ef fólk finnur fyrir einkennum, biður niðurstöðu úr sýnatöku eða hefur verið erlendis á síðustu 14 dögum.

Eftir sem áður geta sjóðfélagar nýtt sér rafrænar þjónustuleiðir Almenna. Nú er boðið er upp á fjarfundi í stað þess að mæta, hægt er að tala við ráðgjafa í síma 510 2500 og á netspjalli á skrifstofutíma. Utan opnunartíma er hægt að senda tölvupóst á almenni@almenni.is og á sjóðfélagavef er að finna uppfærðar upplýsingar um réttindi og séreign á myndrænu formi.

Smelltu [hér](#) til að bóka viðtal, hvort sem þú kýst að mæta, fá viðtalstíma í fjarfundi eða símtal frá ráðgjöfum Almenna.




Mynd: Halldór Bachmann

Góð ávöxtun á liðnum árum



Raunávöxtun Ævisafns í sl. 10 ár



Umdeilt
frumvarp

INNLENT 8. maí 2021 15:03

Þorri sjóða leggst gegn tilgreindri séreign

Takmörkuð ánægja virðist vera með fyrirhugaðar breytinga á lífeyrissjóðakerfinu, í það minnsta er hún vart sjáanleg í umsögnum.

Jóhann Óli Eiðsson joli@vb.is


[Recommen](#) [Tweet](#)



Viðskiptablaðið



Fjárfestingarstefna







Lifum lengur => þurfum að greiða lífeyri lengur

Vænt meðalævi frá 70 ára aldri

Karlar



Konur




Tímabil mælinga

Lán til sjóðfélaga



Milljarðar króna



Þjónusta að breytast



Getum við aðstoðað?

Netráðgjafi svarar algengum spurningum og netspjall fyrir frekari ráðgjöf.

Leitaðu eða veldu málefni



Ávöxtun

English

Lán

Lífeyrir

Lífeyrismál

Persónuvernd

Réttindi

Séreign

Oftast spurt

- + Ég tók lán hjá Almenna í fyrra, hvar sé ég það á skattframtalinu mínu?
- + Er hægt að frysta eða fá greiðsluhlé á láni hjá Almenna?
- + Mun sjóðurinn veita greiðslufresti á iðgjaldagreiðslum?
- + Er von á frekari breytingum á vöxtum á lánum til sjóðfélaga?
- + Borgar sig að skipta um ávöxtunarleið vegna sveiflna á mörkuðum?
- + Hvernig get ég skipt um ávöxtunarleið fyrir séreignarsparnaðinn minn?

Þarftu frekari upplýsingar?

SENDU OKKUR TÖLVUPÓST

✉ almenni@almenni.is

SPJALLAÐU VIÐ OKKUR

💬 **Netspjallið er opið**

HRINGDU TIL OKKAR

☎ 510 2500

PANTAÐU FUND

📅 Panta fund með ráðgjafa

KOMDU Á STAÐINN

📍 Borgartúni 25, 105 Reykjavík

almenni.is

Tillaga um rafrænar kosningar



Íslykill

Kennitala:

Sláðu inn kennitölu

Íslykill:

Sláðu inn Íslykil



Íslenskir sérstafir:

á ð é í ó ú ý þ æ ö

Staðfesta

Mig vantar íslykil

Rafræn skilríki

Skilríki í síma:

Sláðu inn símanúmer

Gættu þess að síminn sé ólæstur

Innskrá

Skilríki á korti:

Settu kortið í lesarann

Staðfesta

Mig vantar rafræn skilríki

Stjórnarstörfin



Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum, kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn. Varamenn í stjórn eru þrír. Á hverju ári eru kosnir tveir aðalmenn í stjórn og einn varaformaður.

Stjórnarfundir

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til. Á tímabilinu frá júní 2020 til mars 2021 fundaði stjórnin 14 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál eða afgreiða milli funda.

+3 fundir í apríl og maí
= **17** sinnum alls


Stjórn 2020

Aðalmenn:	Kosin/n á ársfundi
Ólafur H. Jónsson, formaður	2020
Hulda Rós Rúriksdóttir, varaformaður	2018
Arna Guðmundsdóttir	2018
Davíð Ólafur Ingimarsson	2019
Oddur Ingimarsson	2019
Sigríður Magnúsdóttir	2020
Til vara:	
Kristján Þ. Davíðsson	2019
Oddgeir Ottesen	2019
Helga Jónsdóttir	2020



Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri





HEILINDI FRAMSÆKNI FAGMENNSKA

ÁRSSKÝRSLA 2020




 **ALMENNÍ**
LÍFEYRISJÓÐURINN

Ársskýrsla á rafrænu
formi á heimasíðu

Mikið efni – 107 blaðsíður



Efnisyfirlit



Fjórir hlutar,
leggjum áherslu á
góðar upplýsingar

Starfsemi og rekstur

Starfsemi Almenna	4
Borgartún 25	5
Opinn vefur www.almenni.is	6
Sjóðfélagavefur	7
Viðburðir á árinu	8
Stjórn og endurskoðunarnefnd	9
Starfsfólk	10
Tryggingafræðileg staða	12
Hagstæð lífeyrisréttindi	13
Rekstrarkostnaður	14
Lán til sjóðfélaga	15
Lífeyrisgreiðslur	16

Ávöxtun og fjárfestingar

Samfélagsábyrgð	18
Ávöxtunarleiðir	19
Ávöxtun 2020	20
Fjárfestingarumhverfið 2020	21
Fjárfestingastefna	22
Eignasamsetning	23
Skuldabréf	24
Innlend hlutabréf	25
Um markaðinn	26
Erlendar eignir og hlutabréf	27
Tíu stærstu útgefendur skuldabréfa	29
Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa	30

Ársreikningur

Skýrsla stjórnar	32
Áritun óháðs endurskoðanda	35
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	38
Efnahagsreikningur	39
Sjóðstreymisyfirlit	40
Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs	41
Efnisyfirlit skýringa	48
– Áhættustýring og umfang áhættu	69
– Kennitölur	75
Selected Financial Information	85

Fylgiskjöl

Útdráttur úr fjárfestingarstefnu 2021	100
Útdráttur úr áhættustefnu 2021	103
Stjórnarháttayfirlýsing	104

Flýtihnappar:

Fara í efnisyfirlit:	EFNIS-YFIRLIT
Fara á fyrri síðu:	
Fara á næstu síðu:	



Sérstakt efnisyfirlit fyrir skýringar

46



Til stjórnar og sjóðfélaga Almenna lífeyrissjóðsins.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning þann 31. desember 2020, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar á ársreikningnum er í samræmi við innihald annarra skýrslna sem við höfum afhent endurskoðunarnefnd sjóðsins í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Almenna lífeyrissjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Eftir okkar bestu vitund, þá höfum við ekki veitt lífeyrissjóðnum neina óheimila þjónustu sem endurskoðendur lífeyrissjóðsins samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í grein 5(1) í reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Ráðning endurskoðanda

Við vorum upphaflega kosin sem endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins, fyrir árið 2017, á ársfundi sjóðsins þann 7. apríl 2016 og höfum verið endurkjörin á hverju ári síðan.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2020. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Við höfum uppfyllt skyldur okkar eins og þær eru tilgreindar í kaflanum „ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins“ hér að neðan, sem og í tengslum við lykilatriði í endurskoðun. Endurskoðunin fól í sér hönnun og framkvæmd á endurskoðunaraðgerðum til að bregðast við mati okkar á verulegri áhættu í ársreikningnum. Niðurstaða endurskoðunaraðgerða okkar, þar á meðal þær aðgerðir sem útlistaðar eru hér að neðan, mynda grunn okkar að áritun á ársreikning sjóðsins.

• Mat á óskráðum fjárfestingum

Verðmæti óskráðra fjárfestinga og skráðra fjárfestinga með stopul viðskipti nam 31.203 m.kr. eða um 10% af heildareignum þann 31. desember 2020 (29.941 þann 31. desember 2019). Þessar eignir eru flokkaðar í gangvirkisþrepi 2 og 3 í skýringum í ársreikningi.

Á meðal ofangreindra fjárfestinga eru óskráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, framtakssjóðir (sjóðir um sameiginlega fjárfestingu), óskráð skuldabréf og skráð skuldabréf með stopul viðskipti. Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati stjórnenda, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á ávöxtunarkröfu óskráðra hlutabréfa
- Mat á framtíðargreiðsluflæði
- Mat á grunnkröfu skuldabréfa
- Mat á skuldaálagi

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum fjárfestingum vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

• Viðbrögð endurskoðenda

Lögd var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði:

- Ferli við fjárfestingar og mat var yfirfarið.
- Fyrir áhættumiðað úrtak var lagt mat á aðferðafræði og forsendur óskráðra hlutabréfa, hlutdeildarskírteina og framtakssjóða og kallað var eftir stuðningsgögnum að baki verðmati.
- Fyrir áhættumiðað úrtak skuldabréfa var lagt mat á aðferðafræði og forsendur eins og grunnkröfur, skuldaálag og mótaðilaáhættu.
- Farið var yfir flokkun óskráðra fjárfestinga í þrepaskiptingu gangvirkis.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar í skýringum 10,11, 23 – 31.

• Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 229.697 m.kr. þann 31. desember 2020 (206.272 þann 31. desember 2019). Tryggingafræðileg staða þann 31. desember 2020 nam -0,2% þar sem skuldbindingar voru umfram eignir í árslok (-2,9% í árslok 2019). Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi sem er ekki starfandi hjá sjóðnum.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á sértækum lífslíkum
- Mat á sértækum örorkulíkum
- Sértækir útreikningar



Vegna þess hve flóknir útreikningarnir eru og vegna stærðar og mikilvægi fyrir sjóðinn, teljum við mat á lífeyrisskuldbindingu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

► Viðbrögð endurskoðenda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði, með aðstoð innri tryggingastærðfræðings EY eftir atvikum:

- Mátum óháði og hæfni tryggingastærðfræðings.
- Ferli við útreikninga var yfirfarið.
- Framkvæmdar voru greiningar á sértækum lífs- og örorkulíkum sem notaðar eru við útreikning við staðlaðar lífs- og örorkulíkur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.
- Framkvæmdar voru aðgerðir með úrtökum til að sannreyna inntaksgögn og útreikninga.
- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum.
- Yfirfarnar voru næmigreiningar með því að skoða áhrif breytinga á lykilmóðum í líkaninu.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar yfirlit um tryggingafræðilega stöðu ásamt skýringum 36 og 42.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi sjóðsins og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að

leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reiknings-

haldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óháði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óháði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óháði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.



Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Í EFNIS-
YFIRLIT



Reykjavík, 10. mars 2021

Geir Steindórsson
löggiltur endurskoðandi


Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

	Skýr.	2020	2019
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		5.714.541	5.332.358
Iðgjöld launagreiðenda		11.098.475	10.333.012
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		79.146	50.324
		16.892.162	15.715.694
Sérstök aukaframlög		26.116	23.879
	6,13	16.918.278	15.739.574
Lífeyrir:			
Heildarfjárhæð lífeyris		8.051.527	5.617.725
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		73.586	72.501
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		2.592	2.635
	7,14	8.127.705	5.692.862
Hreinar fjárfestingartekjur:			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	8,15	22.383.572	19.906.007
Hreinar tekjur af skuldabréfum	8,16	8.300.954	8.735.783
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		1.239.746	1.231.576
Vaxtatekjur af handbæru fé		523.338	471.115
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		21.853	26.938
Fjárfestingargjöld	9,17	(23.471)	(17.849)
		32.445.992	30.353.570
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	18–22	814.102	753.910
Aðrar tekjur		4.285	4.313
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		40.426.748	39.650.684
Hrein eign frá fyrra ári		269.133.633	229.482.949
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		309.560.381	269.133.633

Breyting á árinu

Sjóður stækkar um 15%




Árið 2021 var einstaklega góð ávöxtun, annað árið í röð


Úttektir/lífeyrisgreiðslur 2020



Séreignarsjóður



Samtryggingarsjóður




Fjárhæðir í milljónum króna



Þróun iðgjalda á árunum 2016-2020

Milljarðar króna




Heildariðgjaldagreiðslur hafa aukist jafnt og þétt

- Lágmarksiðgjöld hafa aukist um 63%
- Viðbótariðgjöld hafa aukist um 19%



Lífeyrisgreiðslur á árunum 2016-2020


Milljarðar króna



Lífeyrisgreiðslur eftir eignasöfnum 2016-2020



Milljarðar króna






Efnahagsreikningur 31.12.

	Skýr.	2020	2019
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	23-26	144.123.665	108.327.426
Skuldabréf	27-29	124.729.287	121.065.252
Bundnar bankainnstæður		28.452.207	27.762.014
Aðrar fjárfestingar		2.760	2.760
		297.307.919	257.157.452
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		600.000	570.000
Aðrar kröfur		34.227	8.502
		634.227	578.502
Handbært fé		11.979.715	11.630.346
Eignir samtals		309.921.861	269.366.300
Skuldir:			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	33	308.299	176.876
Aðrar skuldir	34	53.181	55.790
Skuldir samtals		361.480	232.667
Hrein eign til greiðslu lífeyris		309.560.381	269.133.633
Skuldbindingar utan efnahags	12	15.378.115	8.746.162

Staðan í árslok

Sjóðir og ávöxtunarleiðir



Sjóður / ávöxtunarleið	2019	2020	Vægi	Breyting í %
Sérignarsjóður	141.242	162.361	52,4%	15%
Ævisafn I	27.830	33.711	10,9%	21%
Ævisafn II	64.513	73.189	23,6%	13%
Ævisafn III	21.317	27.023	8,7%	27%
Innlánaðsáfn	25.676	26.203	8,5%	2%
Ríkissafn langt	1.241	1.299	0,4%	5%
Ríkissafn stutt	416	543	0,2%	31%
Húsnæðissafn	250	393	0,1%	57%
Samtr.sjóður	127.891	147.261	47,6%	15%
Sjóður í heild	269.134	309.622		15%

Milljónir króna



Tryggingafræðileg úttekt

Miðað við 31. desember 2020



Hvað er verið að reikna?

Mat á eignum og áætluðum skuldbindingum

Gögn

- Eignir
- Skuldbindingar. Uppl. úr lífeyriskerfi
 - Lögjöld
 - Uppsöfnuð réttindi
 - Lífeyrisgreiðslur

Forsendur

- Árleg raunávöxtun 3,5%
- Sérhæfðar dánar- og örorkulíkur sjóðfélaga 2014 - 2018
- Íslenskar barnseigna- og hjúskaparlíkur

Áunnin staða

- Núverandi eignir
- Skuldbindingar vegna þegar greiddra iðgjalda

+

Framtíðarstaða


- Lögjöld virkra sjóðfélaga til 70 ára
- Skuldbindingar vegna framtíðariðgjalda

=

Heildarstaða




Tryggingafræðileg staða, árslok 2020



Tryggingafræðileg staða er í jafnvægi. Staðan batnaði um 4,1 prósentustig vegna góðrar ávöxtunar




Þróun áfallinnar skuldbindingar 2020



Skuldbindingar
jukust um 10,8%
milli ára

Vægi iðgjalda frá konum í heildariðgjöldum



Undanfarin ár hefur verið marktæk aukning á vægi kvenna sem greiða í samtryggingarsjóð

Það veikir framtíðarstöðu sjóðsins m.v. óbreytta réttindatöflu



Útreikningar m.v. framtíðarlíkur

Reiknað með að meðalævi lengist

60




Breyttar lífslíkur (fram tíðarlíkur)

- Félag íslenskra tryggingarstærðfræðinga hefur nýtt spálíkan um breytingar á dánartíðni til fram tíðar
- Lífslíkur reiknaðar út frá spám um þróun í fram tíðinni
 - Meðalævi landsmanna heldur áfram að lengjast
- Félagið hefur sent tillögur um nýjar dánar- og eftirlifendatöflur til fjármálaráðherra sem gefur út töflur fyrir lífeyrissjóði
- Líklegt er að ráðherra fallist á tillögu félagsins og nýjar töflur gildi í tryggingafræðilegu uppgjöri í árslok 2021



Nýjar líkur spá lækkandi dánartíðni ...


Dánartíðni per 1000



Hér má sjá hvernig dánartíðni mun halda áfram að lækka ef spár ganga eftir



... og lengri meðalævi




Hér má sjá hvernig
vænt meðalævi karla
heldur áfram að
lengjast ef spár ganga
eftir



Staðan og þrjár sviðsmyndir

Niðurstaða 2020



Jafnvægi

Meðalævi

+ 1,3 ár

Framtíðarlíkur, staðlaðar



- Áfallin staða í jafnvægi.
- Laga þarf réttindatöflu og framtíðarstöðu

+ 2,7 ár

Framtíðarlíkur, sérhæfðar



- Hækka þarf lífeyrisaldur til að laga áunna stöðu
- Laga þarf réttindatöflu og framtíðarstöðu

+ 1,9 ár

Framtíðarlíkur, með spá



Líkleg sviðsmynd


- Hækka þarf lífeyrisaldur til að laga áunna stöðu
- Laga þarf réttindatöflu og framtíðarstöðu

■ Áfallin staða ■ Framtíðarstaða = % af skuldbindingum



Kynning á fjárfestingarstefnu 2021

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri



Fjárfestingarstefna 2021



Fjárfestingarstefna 2021



Efnisyfirlit

- I. Almenni lífeyrissjóðurinn
- II. Söguleg ávöxtun
- III. Efnahagshorfur, vænt ávöxtun og framreikningur
- IV. Fjárfestingarstefna 2021
- V. Viðmið

Viðauki: Fjárfestingarstefnur ávöxtunarleiða

Fylgiskjal 1: Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar

Fylgiskjal 2: Eigendastefna Almenna lífeyrissjóðsins

Fylgiskjal 3: Reglur um lán til sjóðfélaga

Fylgiskjal 4: Útdráttur úr Eftirlitskerfi með áhættu

Helstu breytingar

- Ævisafn III
 - vægi hlutabréfa aukið í 30% úr 20% og vægi skuldabréfa minnkað úr 80% í 70%
 - vægi erlendra hlutabréfa hækkað úr 16% í 24%
 - vægi innlendra hlutabréfa hækkað úr 4% í 6%
- Tiltölulegar litlar breytingar gerðar á fjárfestingarstefnu annarra safna
- Húsnæðissafn lýtur nú takmörkunum lágmarkstryggingarverndar
- Stefna um ábyrgar fjárfestingar er nú staðfest sérstaklega af stjórn sjóðsins

Samtryggingarsjóður




Fjárfestingarstefna

Samtryggingarsjóður

Skuldabréf/hlutabréf




Sveiflur



* Sérhæfðir sjóðir eru taldir með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra

Séreign, blönduð söfn



* Sérhæfðir sjóðir eru taldir með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra

Séreign, ríkissöfn





Fjárfestingarstefna

Skuldabréf og innlán


Sveiflur

Ríkissafn stutt

Ríkissafn langt



Séreign, innlán og skuldabréf




Ávöxtun eignaflokka 2020

Nafnávöxtun




Tímabilið 31.12'19 til 31.12'20



Góð langtímaávöxtun




Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins 2020 og raunávöxtun sl. 3 ár og 10 ár






Innlend skuldabréf um 124 milljarðar

Góður kjarni í eignasöfnum




Markaðsskuldabréf um 89 ma.kr.



Heildarsafn um 124 ma.kr.

Innlend hlutabréf um 27 milljarðar

Vel dreift eignasafn á litlum markaði




Fjárfesting í um 38 félögum





Erlendar eignir um 111 milljarðar

Mikil áhættudreifing



Erlendar hlutabréf

4000 fyrirtæki í 56 löndum



Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni

Áherslur í fjárfestingum

- Miklar breytingar í fjárfestingarumhverfi
 - Stefnur eru að verða skýrari, gagnsæi og samræmingu í upplýsingagjöf
 - Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG)
 - Auknar kröfur fjárfesta um upplýsingar og mat á áhrifum fjárfestinga á samfélög
 - Stóraukið vöruframboð hjá eignastýringaraðilum
 - Umhverfissjálfbærni
- Regluverk um samræmda upplýsingagjöf
 - Flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy)
 - Skilgreining á umhverfissjálfbærri (grænni) atvinnustarfsemi
 - Skilyrði skilgreind innan ólíkra atvinnugreina
 - Reglugerð ESB um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR)
 - Aðilum á fjármálamarkaði ber að upplýsa um sjálfbærni fjárfestinga
 - Lykilatriði: Gagnsæi og samræming upplýsinga
- Stefna Almenna um ábyrgar fjárfestingar
 - Kemur inn á öll svið í fjárfestingum lífeyrissjóðsins
 - Áskoranir: gagnaöflun, vinnsla upplýsinga og samræming



Fjárfestingarumhverfið

RÍKI verðtryggð
-0,2% til 0,9%

RÍKI
óverðtryggð
1,3% til 3,8%

USA 10 ára RÍKI
1,6%

Sértryggð
verðtryggð
-0,5% til 0,9%


Sértryggð
óverðtryggð
0,6% til 3,6%

DE 10 ára RÍKI
-0,19



USA hlutabréf

V/H verðkennitalan







V/H á innlendum hlutabréfmarkaði

Þróun verðkennitölunnar frá 2012

V/H þann 25. maí'21



Marel vegur nú 54% í forsendum útreikninga

Ísland - vextir og hlutabréf






Yfirlit markaða

Ávöxtun frá áramótum

YTD (31.des'20 - 25.maí'21)



Daglegt gengi á vefsíðu



Skoða gengi fyrir: 27.05.2021



SÆKJA



Lengd tímabíla:

FRÁ ÁRAMÓTUM

1 ÁR

3 ÁR

5 ÁR

10 ÁR

[Samtryggingarsjóður](#)

[Ævisafn I](#)

[Ævisafn II](#)


[Ævisafn III](#)

[Ríkissafn langt](#)

[Ríkissafn stutt](#)

[Innlánssafn](#)

[Húsnæðissafn](#)



Dagskrá



1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. **Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins**
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

Dagskrá



1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. **Kosning stjórnar**
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Tillögur um breytingar á samþykktum

1. Rafrænt stjórnarkjör

- Grein 5.1 um stjórn sjóðsins
- Grein 8.3 um umboð og atkvæðisrétt
- Greinar 7.1 og 7.2 um ársfund

2. Viðmiðunarvísitölur

- Greinar 8.2, 12.6, 19.1, 20.5, 23.5 – vísitölur uppfærðar
- Greinar 19.3 og 25.3 - áréttað að vísitala er vísitala neysluverðs til verðtryggingar

3. Umboð stjórnarmanna

- Ný grein 5.8 – Sjálfstæði tryggt.

4. Afsögn stjórnarmanns

- Ný grein 5.9 – Afsögn heimiluð.

5. Vanhæfi stjórnarmanns

- Ný grein 5.10 – Skylda til að segja starfa lausum.



Rafrænt stjórnarkjör

Grein 5.1.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum **sem kjörnir eru í rafrænum kosningum** af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.

Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar **sem kjörnir eru í rafrænum kosningum** af sjóðfélögum og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.

Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í rafrænum kosningum fyrir ársfund og einn til vara. **Ef stjórnarsæti skal vera skipað tilteknu kyni eru aðeins sjóðfélagar af því kyni í framboði til þess sætis.**

Stjórn sjóðsins skal skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar. Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins samtímis því að auglýsing eftir framboðum er birt á heimasíðu sjóðsins.

Allir sjóðfélagar eru kjörgengir og njóta kosningaréttar til stjórnar.

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans.

Niðurstaða stjórnarkjörs, bæði aðalmanna og varamanna, ræðst af skilyrðum 1., 2. og 3. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu. **Sjóðurinn skal með þessu tryggja að fylgt sé 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.**

Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár

Efnislegar breytingar eru fólgnar í því að gera kjör til stjórnar, bæði aðal- og varamanna rafrænar.

Reglurnar eru opnar og kjörnefnd falið það hlutverk að setja nánari reglur. Markmiðið er aðgengilegra og einfaldara ferli.

Færir stjórnarkjör nær sjóðfélögum.



Umboð atkvæðisréttar

Grein 8.3.

Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á sjóðfélagafund getur hann gefið öðrum umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn.

Umboðið þarf annað hvort að vera skriflegt og vottfest af tveimur vitundarvottum eða undirritað með fullgildum rafrænum skilríkjum og bundið við tiltekinn fund. ~~Í gegnum umboð og eigin atkvæðisrétt getur hver sjóðfélagi að hámarki farið með atkvæðisrétt upp á 0,3% af heildareignum lífeyrissjóðsins m.v. 31. desember síðastliðins árs.~~

Fullgild rafræn undirskrift á umboð.

Hámarksatkvæðahlutfall verður óþarft vegna rafrænna kosninga.



Boðun ársfundar

7.1.

Stjórn sjóðsins skal boða til ársfundar sjóðfélaga einu sinni á ári **að jafnaði** í mars eða apríl. **Þó er stjórn heimilt að boða til ársfundar fyrir lok júní hvert ár, telur hún tilefni til.**

7.2.

Stjórnin skal boða ársfund með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingu í að minnsta kosti einu dagblaði sem hefur víðtæka útbreiðslu á Íslandi og með tilkynningu á heimasíðu sjóðsins, og telst slík boðun tryggileg. Í fundarboði skal geta dagskrár og **tilgreina fyrirkomulag rafrænnar kosningar til stjórnar**. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Svigrúm til að reikna atkvæðisvægi.

Svigrúm í aðstæðum líkum þeim sem við erum í núna, sem kalla á frestun ársfundar.

Breyting í samræmi við heimild í lögum.

Áfram stefnt að ársfundum í mars og apríl.



Viðmiðunarfjárhæðir í samþykktum sem byggja á vísitölum

Ákvæði	8.2	12.6	19.1	20.5	23.5
Núverandi fjárhæð	50.000.000	688.761	41.390	18.464	5.000
Grunnvísitala (janúar 2005)	239	239	239	239	239
Ný viðmiðun (janúar 2021)	489,3	489,3	489,3	489,3	489,3
Uppreiknuð fjárhæð	102.364.017	1.410.087	84.737	37.801	10.236
Tillaga	102.364.000	1.410.100	84.700		10.200

Uppfærsla á viðmiðunartölum og vísitölum.

Viðmiðunartölur sem verða uppfærðar:

- *Viðmiðunartala hámarksatkvæðisréttar*
- *Viðmiðunartala útborgunar skilyrtrar inneignar séreignar*
- *Viðmiðunartala örorkulífeyris*
- *Viðmiðunartala barnalífeyris*
- *Viðmiðunartala lífeyrisgreiðslna*



Umboð stjórnarmanna

Grein 5.8.

Stjórnarmenn sitja í stjórn og starfa í umboði sjóðfélaga, sbr. 5.1. gr. Stjórnarmenn skulu taka sjálfstæðar ákvarðanir eftir eigin sannfæringu í hverju máli fyrir sig og starfa í samræmi við lög og reglur sem um lífeyrissjóði gilda sem og samþykktar starfs- og siðareglur stjórnar. Umboð sjóðfélaga til kjörins stjórnarmanns verður ekki afturkallað á meðan á kjörtímabili stendur

Brugðist við áhyggjum FME.

Skortur á skýrum reglum í lögum sem gilda um lífeyrissjóði.

Tryggt að umboð stjórnarmanna til setu í stjórn verði ekki afturkallað á meðan á kjörtímabili stendur.

Tryggja sjálfstæði stjórnarmanna og góða stjórnhætti.



Afsögn stjórnarmanns

Grein 5.9

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Tilkynningu þar um skal hann senda stjórn félagsins með sannanlegum hætti.

Óskráðar reglur settar inn í samþykktir.

Ekki efnisbreyting, en skýrir með hvaða hætti afsögn er framsett.

Vanhæfi stjórnarmanns

Grein 5.10

Verði stjórnarmaður vanhæfur til setu í stjórn og uppfyllir þar með ekki lengur skilyrði 5.2. gr. og 31. gr. laga nr. 129/1997 um hæfi stjórnarmanna, skal honum gert skylt að tilkynna það til stjórnar og segja starfa sínum lausum. Við þær aðstæður, og aðstæður skv. grein 5.9, skal varamaður af sama kyni taka sæti hans og sitja þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Í þeim tilvikum þar sem enginn varamaður er til að koma í stað stjórnarmanns er stjórn einungis skylt að efna til stjórnarkjörs ef stjórn er ekki ákvörðunarbær, eða hætta er á slíku. Stjórnarmaður skal þó kosinn í hið lausa stjórnarsæti eigi síðar en á næsta ársfundi. Verði sjóðurinn án ákvörðunarbærrar stjórnar skal stjórnarkjör fara fram eins fljótt og auðið er, og þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum skulu formlega skoðast í fyrirsvári uns ný stjórn tekur við. Ef stjórnarkjör fer fram á grunni þessarar heimildar skal viðkomandi stjórnarmaður kosinn til sama kjörtíma og átti við um þann stjórnarmann sem gengur úr stjórn.

Árétting á þeim reglum sem gilda.

Tekur af vafa um þær reglur sem gilda þegar vanhæfi stjórnarmanns kemur upp.

Reglur settar um ákvörðunarbærni stjórnar og vafi tekin af um hver fer með fyrirvar stjórnar.

Dagskrá



1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
- 7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags**
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Kosning endurskoðunarfélags

- Samkvæmt grein 6.2 í samþykktum sjóðsins skal ársfundur kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða ársreikning lífeyrissjóðsins. Tillögum um endurskoðunarfélag skal skila viku fyrir ársfund
- Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkti tillögu endurskoðunarnefndar á fundi þann 10. mars sl. um að leggja til að Ernst & Young ehf. verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins
- Þar sem engin önnur tillaga hefur borist er Ernst & Young ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2021

Dagskrá



1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
- 8. Ákvörðun um laun stjórnar**
9. Önnur mál



Tillaga um stjórnarlaun

Tillaga um stjórnarlaun fyrir ársfund í mars 2021, lögð fram á stjórnarfund 10. mars 2021

- Mánaðarlaun stjórnarmanns verði 185 þúsund krónur á mánuði vegna komandi starfsárs.
- Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun.
- Stjórnarmaður sem stenst hæfismat hjá Fjármálaeftirliti fær greidd 2 mánaðarlaun stjórnarmanns.
- Laun varamanns fyrir setinn fund sem aðalmaður nema einum mánaðarlaunum stjórnarmanns eða 185 þúsund og 115 þúsund krónur fyrir setinn fund sem varamaður.
- Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til launa stjórnarmanna.

Dagskrá



1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál